

Burðarlagsnámur í mynni Bárðardals

Halldór G. Pétursson

Unnið fyrir Vegagerðina á Akureyri

NÍ-97026

Akureyri, desember 1997



1 INNGANGUR

Þann 16. des. s.l. kannaði ég lauslega möguleg vegagerðarefni í nágrenni Öxarár í mynni Bárðardals. Tilefnið var fyrirsjáanlegur skortur á burðarlagsefni vegna vegagerðar um Fljótsheiði.

Nokkrir möguleikar voru skoðaðir, eins og t.d. að vinna efni úr farvegum Skjálfandafljóts eða Eyjadalsár, eða jafnvel sækja efni í setmyndanir í Ljósavatnsskarði. Er skemmst frá því að segja að enginn af þessum möguleikum virðist vænlegur kostur. Annað hvort er um of lítið efnismagn að ræða eða efnisnám er dýrt og jafnvel illmögulegt.

Tveir staðir eru vænlegri en aðrir, er þar annars vegar um að ræða malarás, rétt norðan við þjóðveg 1 við Holtakot og hins vegar árkeilu norðan við bæinn og útihúsin á Öxará. Ljóst er að á báðum stöðum er um töluvert efnismagn að ræða, en nauðsynlegt er að kanna nánar útbreiðslu, efnisgerð og efnisgæði.

2 MALARÁSINN VIÐ HOLTAKOT

Norðan þjóðvegur, rétt austan við Holtakot er jarðmyndun sem virðist vera nokkuð stór malarás (mynd 1). Alveg við þjóðveginn er skering í ásin. Hefur honum verið að mestu mokað í burt sunnan vegarins og liggur stórgrýti eftir í námunni. Ásinn teygir sig a.m.k. 500 m til norðurs frá þjóðveginum og gnæfir sumstaðar upp undir 10 m yfir umhverfið. Ágiskuð breidd ássins er um 50 m, svo þarna finnast ef til vill um 100.000 m³ af jökulárseti. Það gæti verið nokkuð grófgert, jafnvel groddalegt, það er að segja ef grettistökin sem liggja í gömlu námunni eru ættuð úr því. Töluvert af sandi og mól getur þó leynst í ásnúm, en rétt er að hafa í huga að hann er myndaður undir jökli þannig að í honum getur líka leynst jökulruðningur. Þá er einnig rétt að hafa í huga að umhverfi ássins er að mestu óskert og náttúruverndarsvæði er í nágrenninu. Æskilegt væri að kanna þetta svæði nánar með gröfu.

3 ÁRKEILAN VIÐ ÖXARÁ

Í fjallinu ofan við bæinn að Öxará er mikið gil eða farvegur frá Ísaldarlokum. Niður undan gilinu er flöt, en nokkuð stór árkeila og auk þess virðist sem malarmyndun teygir sig til norðurs meðfram fjallshlíðinni, út frá árkeilunni (mynd 2). Hreggviður Norðdahl (1975) hefur lýst árkeilunni og taldi hana liggja ofan á hraunum frá nútíma og mölina því sennilega frekar þunna. Eftir stutta vettvangskönnun hallast ég frekar að því að árkeilan leggist að hluta ofan á fornan malarhjalla frá Ísaldarlokunum, og eitt af hinum svonefndu Bárðardalshraunum hafi seinna runnið upp að honum. Því sé sennilegt að um töluvert efnismagn sé að ræða milli hrauns og hlíðar. Eitthvað hefur þó Öxará flæmst um svæðið og ekki er ólíklegt að snögg flóð geti komið úr gilinu, þótt ekki hafi fundist heimildir um það, t.d. í Jarðabókinni frá 1712, en þar er slíkra hluta yfirleitt getið.


Gilið ofan við bæinn er neðst, nokkuð breitt og teygir árkeilan sig töluvert upp eftir því. Þar efst er efnid á keilunni nokkuð grófgert, hnullungar og steinar. Þegar komið er norður yfir Öxará og neðar á keiluna verður efnid fínna og þar er yfirborðið víða þakið jarðvegi, sem þó virðist ekki mjög þykkur (ca. 0.5 m). Neðarlega á svæðinu er efnisgryfja (mynd 2) og í henni reyndist um 2 m þykk mül með steinum. Mölin er hrein og virðist skv. loftmyndum hafa töluverða útbreiðslu til norðurs og m.a. finnast undir túnum sem þarna eru undir hlíðinni. Fyrst að svo hreint malarefni finnst þetta langt frá gilkaftinum (ca. 500 m) er ekki ólíklegt að um töluvert efnismagn sé að ræða. Það ætti því ekki að vera vandkvæðum bundið að vinna þarna um 20.000 m³ af góðu burðarlagsefni, þótt sennilega sé um mun meira efnismagn að ræða (>100.000 m³). Útbreiðsla efnisins til suðurs hefur ekki verið könnuð, en hún er einhver undir túnum bæjarins. Þar mun þó jarðvegur vera nokkuð þykkari en norðan árinna.

Þótt þetta svæði lofi góðu, þá er nauðsynlegt að kanna gerð og útbreiðslu efnisins með gröfu. Þá er einnig rétt að kanna gæði efnisins með prófunum. Þá má geta þess að aðeins vegslóðar liggja að svæðinu og verður að fara um vað á Öxará. Einhver vegagerð verður því að koma til. Þá má búast við að heimreiðin að bænum og jafnvel þjóðvegurinn út Bárðardal þoli ekki mikla þungaflutninga og þá vegi þurfi e.t.v. að styrkja áður en efnistaka hefst. Að lokum má geta þess að þessi efnistaka yrði lítt áberandi.


4 HEIMILDIR

Hreggviður Norðdahl 1975: Laus jarðlög í Bárðardal, S-Þing. Könnun á efnum í burðarlag, 39 bls.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1712: Þingeyjarsýsla.



Mynd 1: Malarásinn við Holtakot.



Mynd 2: Kort af aðstæðum við Öxará.